

112

28. nóv.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og er þá úr gildi felld reglugerð um bryggju Sauðárkróks nr. 92, 19. okt. 1926.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*

113

30. nóv.

## REGLUGERÐ

um

skemmtanaskatt í Búðakauptúni.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal skatt greiða af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Búðakauptúni og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að en ekki eru taldar sérstaklega.

## 3. gr.

113

Af skemmtunum þeim, sem falla undir fyrsta flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki, 20%.

30. nóv.

Ef skemmtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, sem hærra er skattaður.

## 4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

## 5. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt og sér um innheimtu skattsins. Ræður hún til þess sérstakan mann fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

## 6. gr.

Hver, sem vill halda skemmtun, sem aðgangur er seld að, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin.

## 7. gr.

Aðgöngu má eigi selja að skemmtun, nema gegn aðgöngumiða, sem eftirlitsmaður skemmtana hefir stimplað og afhent, enda skal hann ávallt hafa fyrirbyggjandi nægar byrgðir af þeim. Kostnaður við þá greiðist af skatttekjum, en gerð þeirra ákveður hreppsnefnd.

Um leið og aðgöngumiðar eru afhentir, skal færa í þar til gerða bók tölu þeirra og verð og reikna út upphæð skattsins.

Seljast ekki allir aðgöngumiðar, skal afgangur þeirra afhentur eftirlitsmanni og dregst þá frá skattur af þeim aðgöngumiðum, sem óseldir eru. Á hvern aðgöngumiða skal skráð verð hans.

## 8. gr.

Þóknun til eftirlitsmanns fyrir starf hans ákveður hreppsnefnd, og skal hún vera ákveðin hundraðshluti af innheimtum skatttekjum og greiðast af þeim.

## 9. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Nú vanrækir forstöðumaður skemmtunar að tilkynna eftirlitsmanni um forstöðu sína og ber þá húsráðandi þess húss sem til skemmtunarinnar er notað, ábyrgð á skattgreiðslunni.

113

30. nóv.

10. gr.

Skattgjald skal greiða eftirlitsmanni um leið og stimplaðir aðgöngumiðar eru afhentir. Nú afhendir eftirlitsmaður stimplaða aðgöngumiða án þess að gjaldið sé greitt og ber hann þá ábyrgð á greiðslu þess. — Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Skatttekjur skulu lagðar í sjóð og skal honum varið til að styrkja samkomuhúsbyggingu fyrir hreppinn. Sjóðurinn stendur undir umsjón hreppsnefndar, sem ber ábyrgð á honum sem öðrum eignum hreppsins. Reikningur sjóðsins skal fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Handbært fé sjóðsins skal ávaxtast í Landsbankanum eða jafntryggri lánsstofnun.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn.

Mál, sem rísa út af reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lög-  
reglumál. Sektir renna í hreppssjóð.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefir samið, er hérmeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi frá 15. desember 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. nóvember 1931.*

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

---

*Gissur Bergsteinsson.*